

**Kjölur lífeyrissjóður**  
**Ársreikningur 2007**

Kjölur lífeyrissjóður  
Hafnarstræti 5  
155 Reykjavík

Kt. 430269-6079

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar sjóðsins .....	3	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4	Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	5	Skýringar .....	8

## Skýrsla og áritun stjórnar sjóðsins

Kjölur lífeyrissjóður er samtryggjarsjóður. Á árinu 2007 sameinuðust fimm lífeyrissjóðir, þ.e. Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar, Eftirlaunasjóður Ollúverslunar Íslands, Lífeyrissjóður Flugvirkja, Lífeyrissjóður starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, deild I í einn sjóð sem fékk nafnið Kjölur lífeyrissjóður. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og viðhafðar voru árið áður í sjóðunum sem voru sameinaðir. Ársreikningurinn nær yfir rekstur allra sjóðanna á árinu 2007 og samanburðarfjárhæðir og kennitölur eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum þeirra.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 476 millj. kr., sem er 9,1% hækkun frá fyrra ári. Á árinu fengu 772 sjóðfélagar greiddan lífeyri.


Engir starfsmenn voru hjá sjóðnum á árinu 2007. Landsbanki Íslands hf. annaðist rekstur hans og er framkvæmdastjóri sjóðsins starfsmaður bankans.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 10.124 millj. kr. í árslok 2007. Á árinu hækkaði hún um 44 millj. kr. eða 5,5%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok, námu skuldbindingar sjóðsins 10.799 millj. kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 10.810 millj. kr. eða 0,1% hærri en skuldbindingar sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Kjalar lífeyrissjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2008.

Stjórn:



Handwritten signatures of the board members: Sveinbjörn Eggsson, Gunnar Þorvaldur, Haraldur Halldórsson, and Ólafur Ólafsson.

Framkvæmdastjóri:



Handwritten signature of the manager: Ottar Helgason.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og sjóðfélaga Kjalar - lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjalar lífeyrissjóðs fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Alit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 29. apríl 2008.

**KPMG hf.**

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Iögjöld:</b>			
Réttindaflutningur .....		( 1.847)	( 1.288)
Sérstök aukaframlög .....		144.341	20.683
		<u>142.494</u>	<u>19.395</u>
<b>Lífeyrir:</b>			
Lífeyrir .....	8	475.551	435.957
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		( 705)	( 773)
		<u>474.846</u>	<u>435.184</u>
<b>Fjárfestingatekjur:</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	4	5.072	29.630
Vaxtatekjur og gengismunur .....	5,9	871.583	1.199.423
Niðurfærsla .....		( 2.393)	( 6.819)
		<u>874.262</u>	<u>1.222.234</u>
<b>Fjárfestingagjöld:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	10	9.111	7.854
Vaxtagjöld .....		245	367
Önnur fjárfestingagjöld .....		2.511	1.386
	6	<u>11.867</u>	<u>9.607</u>
<b>Rekstrarkostnaður:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	6,10,11	4.487	11.966
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		525.556	784.872
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>9.598.064</u>	<u>8.813.192</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....</b>	<b>21</b>	<b><u>10.123.620</u></b>	<b><u>9.598.064</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2007

### Eignir

	Skýr.	2007	2006
<b>Fjárfestingar:</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....		8.378.980	8.166.375
Verðbréf með föstum tekjum .....		1.582.412	1.373.574
Veðlán .....		62.975	72.365
	7,12-16	<u>10.024.367</u>	<u>9.612.314</u>
<b>Kröfur:</b>			
Aðrar kröfur .....		<u>52.327</u>	<u>15.176</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Sjóður og veltinnlán .....		<u>71.932</u>	<u>9.036</u>
<b>Skuldir:</b>			
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		5.870	6.199
Ýmsar skuldir .....	19	<u>19.136</u>	<u>32.263</u>
		<u>25.006</u>	<u>38.462</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>	<b>21</b>	<u><u>10.123.620</u></u>	<u><u>9.598.064</u></u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2007

	2007	2006
<b>Inngreiðslur:</b>		
Iðgjöld .....	147.581	18.803
Fjárfestingartekjur .....	113.590	76.108
Afborganir verðbréfa .....	190.704	358.972
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	5.630.093	6.854.606
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	820	639.422
Aðrar inngreiðslur .....	0	6
	6.082.788	7.947.917
<b>Útgreiðslur:</b>		
Lífeyrir .....	469.907	434.402
Fjárfestingargjöld .....	245	1.277
Rekstrarkostnaður .....	24.757	20.240
Aðrar útgreiðslur .....	0	1.102
	494.909	457.021
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....	5.587.879	7.490.896
<b>Kaup á verðbréfum:</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	5.219.226	7.409.119
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	305.757	155.000
	5.524.983	7.564.119
<b>Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....</b>	62.896	( 73.223)
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>	9.036	82.259
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>	71.932	9.036

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Kjölur lífeyrissjóður varð til á árinu 2007 við samruna 5 lífeyrissjóða, þ.e. Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar, Eftirlaunasjóður Oliuverslunar Íslands, Lífeyrissjóður Flugvirkja, Lífeyrissjóður starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, deild I. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og sjóðirnir viðhöfðu árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr. Ársreikningurinn nær yfir rekstur allra sjóðanna á árinu 2007 og samanburðarfjárhæðir og kennitölur eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum þeirra.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2007. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### *Framvirkir samningar*

3. Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga og er tilgangur þeirra að draga úr gengisáhættu sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstólar samninganna eru ekki færðir í efnahag, en afkoma þeirra er færð í rekstrar- og efnahagsreikning. Samningarnir eru við lánastofnanir og eru færðir með öðrum kröfum eða ýmsum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

### *Tekjur af eignarhlutum*

4. Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

### *Vaxtatekjur og gengismunur*

5. Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### *Rekstrarkostnaður*

6. Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### *Verðbréfaeign*

7. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok ef um skráð verðbréf er að ræða, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

## Skýringar, frh.:

### Verðbréfaeign, frh.:

Verðbréf með föstum tekjum sem hafa fasta vexti eru eignfærð miðað við þá ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á. Verðbréf með föstum tekjum sem hafa tiltekna vaxtamiðun eru eignfærð miðað við stöðu á undirliggjandi eignum sem mynda tiltekið vaxtaviðmið.

## Lífeyrir

### 8. Lífeyrir greinist þannig:

	2007	2006
Ellilífeyrir .....	345.099	318.738
Makalífeyrir .....	100.664	66.551
Örorkulífeyrir .....	31.264	49.355
Barnalífeyrir .....	550	540
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði .....	( 2.731)	0
Samtals .....	474.846	435.184

## Fjárfestingatekjur

### 9. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

Skuldabréf .....	153.495	216.242
Hlutdeildarskírteini .....	621.117	995.567
Skiptasamningar .....	78.448	( 20.860)
Aðrar vaxtatekjur .....	18.523	8.474
	871.583	1.199.423

## Rekstrarkostnaður

### 10. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

Umsýsluþóknun .....	4.138	11.160
Endurskoðun .....	2.805	2.636
Tryggingafræðingur .....	1.479	1.847
Árgjald LL .....	388	170
Fjármálaeftirlitið .....	3.755	1.525
Stjórnarlaun og launatengd gjöld .....	962	1.392
Framlag frá Áburðarverksmiðju ríkisins .....	0	( 427)
Ýmiss kostnaður .....	71	1.517
	13.598	19.820
Fært á fjárfestingagjöld .....	( 9.111)	( 7.854)
	4.487	11.966

Laun til fyrrverandi stjórnarformanna í lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins og lífeyrissjóði Flugvirkjafélags Íslands námu 125 þús. kr. Aðrir stjórnarmenn í þeim sjóðum fengu samtals greitt 737 þús. kr. Ekki voru greidd laun til stjórnarmanna í lífeyrissjóði Eimskipafélags Íslands, lífeyrissjóði Mjólkursamsölnunar og eftirlaunasjóði starfsmanna Olíuverslunar Íslands hf. á árinu 2007.

## Skýringar, frh.:

11. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:	2007	2006
Endurskoðun og gerð ársreiknings .....	2.244	2.198
Gerð reikningsskila og önnur þjónusta .....	561	438
	<u>2.805</u>	<u>2.636</u>

## Fjárfestingar

### 12. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutir í öðrum félögum: .....		
Landsbanki Íslands hf. ....	72.598	31.318
Bakkavör Group hf. ....	71.487	0
Kauping banki hf. ....	65.648	0
Össur hf. ....	55.119	0
Hf. Eimskipafélag Íslands .....	17.350	67.511
Marel hf. ....	10.200	24.741
Stáltak hf. (óskráð) .....	119	119
Eignarhaldsfélag Lífeyrissjóða um Verðbréfabing ehf. (óskráð) .....	49	49
Önnur skráð innlend hlutabélf .....	0	54.767
Skráð erlend hlutafélög .....	30.230	0
Óskráð erlend hlutafélög .....	19.705	0
	<u>342.505</u>	<u>147.187</u>
Hlutdeildarskírteini:		
Innlendir sjóðir með skuldabréfum .....	6.069.509	6.352.488
Erlendir sjóðir með skuldabréfum .....	1.245	0
Innlendir sjóðir með hlutabréfum .....	521.048	1.069.730
Erlendir sjóðir með hlutabréfum .....	1.444.673	565.652
	<u>8.036.475</u>	<u>7.987.870</u>
Bókfært verð samtals .....	<u>8.378.980</u>	<u>8.135.057</u>

### 13. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	369.665	407.260
Skuldabréf sveitarfélaga .....	57.675	96.416
Skuldabréf lánastofnanna .....	559.340	460.687
Skuldabréf fyrirtækja .....	595.732	409.211
	<u>1.582.412</u>	<u>1.373.574</u>

Áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í árslok 2007 nam 1.566 millj. kr.

### 14. Veðlán greinast þannig:

Lán til sjóðfélaga .....	39.344	34.066
Önnur lán .....	23.631	38.299
	<u>62.975</u>	<u>72.365</u>

### 15. Niðurfærsla skuldabréfa greinist þannig:

Niðurfærsla 1.1. ....	8.534	1.715
Afskrifuð töpuð lán á árinu .....	( 6.819)	0
Hækkun (lækkun) niðurfærslu á árinu .....	0	6.819
Niðurfærsla 31.12. ....	<u>1.715</u>	<u>8.534</u>

## Skýringar, frh.:

### 16. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6.890.499	1.488.481	8.378.980
Verðbréf með föstum tekjum .....	1.582.412	0	1.582.412
Veðlán .....	62.975	0	62.975
	8.535.886	1.488.481	10.024.367
Áhrif framvirkra samninga .....	905.719	( 905.719)	0
	9.441.605	582.762	10.024.367

### 17. Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2007, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Ávöxtun	Viðmið*
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs .....	5,3%	4,9%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga .....	11,0%	4,9%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana .....	14,0%	4,9%
Hlutabréf, innlend .....	3,0%	-1,4%
Erlend verðbréf .....	3,0%	-0,9%
Önnur verðbréf .....	12,0%	

\*Viðmið:

Markflokkar ríkisskuldabréfa með 5 ára meðaltíma.

Hlutabréf í Kauphallar Íslands.

Vegið meðaltal af erlendum vísitölum í íslenskum krónum.

## Kröfur

### 18. Aðrar kröfur greinast þannig:

	2007	2006
Áfallnar tekjur vegna framvirkra samninga .....	52.241	7.673
Krafa á viðskiptamenn .....	86	7.503
	52.327	15.176

## Skuldir

### 19. Skuldir greinast þannig:

Áfallin gjöld vegna framvirkra samninga .....	3.822	11.769
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	5.870	6.199
Aðrar skuldir .....	15.314	20.494
	25.006	38.462

## Skuldbindingar

### 20. Framvirkir samningar greinast þannig:

Gjaldmiðlaskiptasamningar:

Eignir í íslenskum krónum .....	954.138
Skuldir í erlendra mynt .....	905.719

## Skýringar, frh.:

21. Gerð hefur verið tryggingafræðileg áætlun um fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við árslok 2007. Samkvæmt henni námu skuldbindingar sjóðsins 10.799 millj. kr. miðað við 3,5 % ársvexti, en í árslok 2007 nam bókfærð hrein eign til greiðslu lífeyris 10.810 millj. kr. Skuldbinding sjóðsins greinist þannig:

Ellilífeyrir .....	7.837.570
Makalífeyrir .....	2.272.000
Örorkulífeyrir .....	457.323
Barnalífeyrir .....	434
Dánarbætur .....	6.172
Rekstrarkostnaður .....	225.422
	<u>10.798.921</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	10.123.620
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti .....	797.385
Fjárfestingagjöld .....	( 111.016)
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris .....	<u>10.809.989</u>
Hrein eign umfram skuldbindingar .....	11.068
Hrein eign umfram skuldbindingar í % .....	0,1%

## Kennitölur

22. Sjóðurinn er lokaður fyrir almennum iðgjaldagreiðslum. Vegna þess eru ekki birtar kennitölur fyrir lífeyrisbyrði, kostnað í hlutfalli af iðgjöldum, kostnað á hvern virkan sjóðfélaga og fjölda virkra sjóðfélaga eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða. Ávöxtun sem sýnd er fyrir árin 2003 til 2006 er meðalávöxtun þeirra sjóða sem sameinuðust.

	2007	2006	2005	2004	2003
Raunávöxtun .....	3,1%				
Hrein raunávöxtun .....	3,1%	6,4%	10,3%	11,2%	8,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár .....	7,9%	8,3%	7,0%	4,7%	4,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin tíu ár .....	6,4%				
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	69,4%				
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	14,2%				
Skráð verðbréf með föstum tekjum .....	12,4%				
Óskráð verðbréf með föstum tekjum .....	3,4%				
Veðlána, óskráð .....	0,6%				
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum .....	85,2%				
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	14,8%				
Fjöldi lífeyrisþega .....	772				

## Skýringar, frh.:

---

### Kennitölur, frh.:

	2007	2006	2005	2004	2003
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir .....	72,7%				
Örorkulífeyrir .....	6,0%				
Makalífeyrir .....	21,2%				
Barnalífeyrir .....	0,1%				
Fjárhagsstaða samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildar- skuldbindingar .....	0,1%				

### Skilgreiningar:

1. Hrein raunávöxtun ..... Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum.
2. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar ..... Meðaltal hreinnar raunávöxtunar á fimm ára tímabili.
3. Fjöldi sjóðfélaga ..... Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á reikningsárinu.
4. Fjöldi lífeyrisþega ..... Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.